

Nám er vinnandi vegur

Átak í menntamálum 2011 - 2015

**Mennta- og menningarmálaráðuneyti
[2014]**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
[júlí 2014]

Útgefandi: Menntamálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© [2014] Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-41-2

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1 Umsjón verkefnisins	2
1.1 Stýrihópur	2
1.2 Starfsmenn verkefnisins	3
2 Bráðaaðgerð haustið 2011: Aukinn aðgangur að námi	3
2.1 Þátttaka framhaldsskóla	4
2.2 Námsráðgjöf.....	6
2.3 Þátttaka háskóla.....	7
3 Aðgerðir til 2ja og 3ja ára: Styrkveitingar	9
3.1 Auglýstir styrkir úr þróunarsjóði NVV.....	9
3.2 Aðrir styrkir sem ýmist voru veittir úr þróunarsjóði eða af öðru fjármagni verkefnisins	11
3.2.1 Vinnustaðanámssjóður	11
3.2.2 Aðfaranám í háskólum	12
3.2.3 Fræðslusjóður	12
3.2.4 FabLab í Breiðholti	13
3.2.5 Brotthvarfsverkefni	13
3.2.6 Kynningarátak í starfsmenntun	15
4 Tilraunaverkefni	15
4.1 Tilraunaverkefni á Norðvesturlandi.....	16
4.2 Tilraunaverkefni í Breiðholti	16
5 Ráðstöfun fjár í áttakinu Nám er vinnandi vegur	17
6 Árangur verkefnisins Nám er vinnandi vegur	18
Fylgiskjöl	20

Inngangur

Í kjölfar bankahruns jókst atvinnuleysi mikið og ljóst var að brýnt væri að vinna gegn neikvæðum áhrifum langtímaatvinnuleysis með öllum ráðum. Með yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands í tengslum við kjarasamninga þann 5. maí 2011 voru boðaðar aðgerðir í vinnumarkaðs- og menntamálum. Annars vegar bráðaaðgerðir og hins vegar aðgerðir til þriggja ára. Haustið 2011 hófust tvenns konar aðgerðir, þ.e. opnun framhaldsskólans fyrir alla yngri en 25 ára og ný námstækifæri fyrir 1.000 atvinnuleitendur til þriggja ára (sjá fylgiskjal 1).

Þessar aðgerðir, sem ásamt fleiri verkefnum kallast einu nafni *Nám er vinnandi vegur* (NVV), voru settar á fót í kjölfar tillagna frá vinnuhópi um mótun aðgerðaáætlunar á sviði vinnumarkaðsúrræða, starfs- og endurmenntunar og endurhæfingar. Vinnuhópin skipaði þáverandi forsætisráðherra í byrjun febrúar 2011, en í honum áttu sæti fulltrúar stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Byggði verkefnið meðal annars á stefnu stjórnvalda sem nefnist *Ísland 2020, sókn fyrir atvinnulíf og samfélag*. Markmiðin sem þar koma fram eru annars vegar að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20–66 ára sem ekki hefur lokið framhaldsskóla fari úr 30% niður í 10% árið 2020 og hins vegar að fækka atvinnuleitendum og draga úr neikvæðum áhrifum sem talin eru geta hlotist af langtímaatvinnuleysi.

1 Umsjón verkefnisins

1.1 Stýrihópur

Sérstakur stýrihópur stýrði framkvæmd verkefnisins. Í honum áttu sæti fulltrúar frá velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Vinnumálastofnun og samtökum aðila vinnumarkaðarins. Hlutverk stýrihóps var að gera tillögur að fjárveitingum til ráðherra og fylgja eftir verkefnum.

Stýrihópin skipuðu:

- Runólfur Ágústsson, annar tveggja formanna, skipaður af velferðarráðherra
 - eftir ríkisstjórnarskipti vorið 2013 voru fulltrúar velferðarráðuneytis í hópnun þær Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir og Bjarnheiður Gautadóttir
- Elías Jón Guðjónsson, annar tveggja formanna, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra
 - eftir ríkisstjórnarskipti vorið 2013 tók Tryggvi Þór Herbertsson við sem formaður stýrihóps

- Halldór Grönvold, fulltrúi ASÍ
- Guðrún Eyjólfsdóttir, fulltrúi SA (varamaður hennar, Halldór Árnason, tók mikinn þátt í starfinu)
- Ólöf Jóna Tryggvadóttir, fulltrúi BHM (síðar Stefán Aðalsteinsson)
- Jóhanna Þórdórsdóttir, fulltrúi BSRB
- Rósa B. Brynjólfsdóttir, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis (síðar Elva B. Sverrisdóttir)
- Guðfinna Harðardóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga (síðar Klara E. Finnbogadóttir)
- Gissur Pétursson, fulltrúi Vinnumálastofnunar

1.2 Starfsmenn verkefnisins

Fjöldi starfsmanna mennta- og menningarmálaráðuneytis kom að verkefninu, Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri menntamála hafði yfirumsjón, en eftirtaldir starfsmenn sáu um einn eða fleiri þætti þess:

Elín Thorarensen (2012 – 2014), verkefnisstjóri kynningarátaks um starfsmenntun
 Inga Guðrún Kristjánsdóttir (2011 – 2012), eftirfylgd með nemendum o.fl.
 Krístrún Birgisdóttir (2011 – 2012), tengiliður við skóla o.fl.
 Þórdís Guðmundsdóttir (2012 – 2014), verkefnisstjóri þróunarsjóðs o.fl.

2 Bráðaaðgerð haustið 2011: Aukinn aðgangur að námi

Öllum umsækjendum um nám í framhaldsskóla, yngri en 25 ára, var tryggt skólavist haustið 2011. Þeir atvinnuleitendur sem skráðir voru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun, höfðu áhuga á námi og uppfylltu tiltekin skilyrði, fengu tækifæri til náms innan framhaldsskólanna sem og innan frumgreinadeilda, háskóla og í framhaldsfræðslu.

Einstaklingar sem skráðir höfðu verið án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í að minnsta kosti sex mánuði þegar verkefnið hófst, fengu tækifæri til að stunda fullt nám auk þess að fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði meðan á náminu stóð frá haustönn 2011 til vors 2013, enda væri umrætt nám ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Markmið verkefnisins var tvíþætt:

- i. Að tryggja öllum nemendum yngri en 25 ára skólavist.
- ii. Að greiða aðgengi atvinnuleitenda að skólavist.

Vinnumálastofnun sá um framkvæmd verkefnisins að því er varðaði þá þátttakendur í verkefninu sem skráðir voru án atvinnu hjá stofnuninni en mennta- og menningarmálaráðuneytið sá um framkvæmd verkefnisins er laut að einstaklingum sem ekki voru skráðir atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun og áttu þar af leiðandi ekki rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Framhaldsskólar sem tóku þátt í verkefninu fengu fjármagn til þess að efla náms- og starfsráðgjöf við þennan hóp og veittir voru námsstyrkir til þeirra atvinnuleitenda sem hvorki áttu rétt á atvinnuleysisbótum né námslánum frá LÍN. Vinnumálastofnun sá um námsstyrkina.

2.1 Þátttaka framhaldsskóla

Eftirtaldir framhaldsskólar tóku við nemendum í áttakinu:

Borgarholtsskóli (BHS)
Fisktækniskóli Íslands (FTS)
Fjölbrautaskóli Vesturlands (FSV)
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV)
Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSNÆ)
Fjölbrautaskóli Suðurlands (FS)
Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FSU)
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB)
Fjölbrautaskólinn við Ármúla (FÁ)
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMOS)
Iðnskólinn í Hafnarfirði (IH)
Kvikmyndaskóli Íslands (KMSÍ)
Menntaskóli Borgarfjarðar (MB)
Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME)
Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ)
Menntaskólinn í Kópavogi (MK)
Myndlistaskólinn í Reykjavík (MYND)
Tækniskólinn (TS)
Verkmenntaskóli Austurlands (VA)
Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA)

Hér má sjá greiðslur til framhaldsskóla vegna þátttakenda í NVV. Greiðslurnar eru reiknaðar út frá einingafjölda og er ígildi nemanda í fullu námi á ársgrundvelli (ársnema). Þær segja því ekki til um fjölda einstaklinga. Skólarnir fengu greitt sömu fjárhæð og fyrir aðra nemendur. Greiðslur fyrir ársnema eru frá um 660 þúsund og upp í 880 þúsund.

NVV - Greiðslur til framhaldsskóla 2011 - 2014				
Skólar	2011 (h)	2012	2013	SAMTALS
Borgarholtsskóli	15.600.000	62.004.210	18.552.005	96.156.215
Fisktækniskóli Ísl.	1.400.000	2.000.000	1.600.000	5.000.000
Fjölbr.sk. Norðurl.v.	2.000.000	1.990.551		3.990.551
Fjölbr.sk. Suðurlands	4.400.000	2.610.577	807.842	7.818.418
Fjölbr.sk. Suðurnesja	19.400.000	21.937.955	7.451.410	48.789.365
Fjölbr.sk. Vesturlands	3.400.000	4.521.247	2.913.755	10.835.002
Fjölbr.sk. í Breiðholti	21.600.000	44.863.528	3.641.813	70.105.342
Fjölbr.sk. við Ármúla	15.400.000	98.714.902	50.965.659	165.080.561
Framh.sk. í Mosfellsbæ	5.000.000	3.726.745	2.089.813	10.816.559
Iðnskólinn í Hafnarfirði	17.000.000	14.592.817	4.088.641	35.681.458
Kvikmyndaskóli Íslands	600.000	1.200.000		1.800.000
Menntask. Borgarfjarðar	400.000			400.000
Menntask. á Egilsstöðum	2.200.000	1.733.872	780.818	4.714.689
Menntask. á Ísafirði	1.600.000	686.730		2.286.730
Menntask. í Kópavogi	18.800.000	77.009.487	51.449.576	147.259.063
Myndlistask. í Rvk.	2.200.000	2.600.000	1.600.000	6.400.000
Tækniskólinn	43.400.000	179.716.184	126.918.189	350.034.373
Verkm.sk. Austurlands	800.000	1.039.147		1.839.147
Verkm.sk. á Akureyri	10.400.000	27.269.170	4.121.816	41.790.986
Samtals	185.600.000	548.217.122	276.981.337	1.010.798.459

2.2 Námsráðgjöf

Þrettán framhaldsskólar fengu fjármagn til aukinnar náms- og starfsráðgjafar í tengslum við átakið, svo hægt væri að veita þeim nemendum sem tóku þátt í áttakinu, stuðning og ráðgjöf. Fimm skólar réðu náms- og starfsráðgjafa í fullt starf og átta skólar ráðgjafa í minna starfshlutfall. Þá fékk einn skóli fjármagn til þess að ráða sálfræðing í 50% stöðu. Veturinn 2011 – 2012 funduðu þessir ráðgjafar reglulega með starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis og miðluðu hver til annars hugmyndum og reynslu. Í skýrslum frá þeim kemur fram mikil ánægja með þetta samstarf sem ýtti undir tilraunir og fjölbreyttar leiðir til þess að nálgast og styðja þennan nemendahóp. Auk einstaklingsviðtala, buðu náms- og starfsráðgjafar upp á hópráðgjöf, náms- og starfsfræðslu, námskeið um námstækni, markmiðasetningu, prófkvíða og dyslexíuráðgjöf. Skólarnir buðu aðstoð í námsveri, aðstoð við heimanám og aukna eftirfylgd vegna mætinga s.s. reglulegar tölvupóstsendingar til nemenda með upplýsingum um mætingu.

NVV – Fé til aukinnar náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum 2011 – 2014				
Skólar	2011-2012	2012-2013	2013-2014	Samtals
FB	6.000.000	6.000.000	6.000.000	18.000.000
TS	6.000.000	6.000.000	6.000.000	18.000.000
IH	6.000.000	6.000.000	6.000.000	18.000.000
FS	5.000.000	6.000.000	6.000.000	17.000.000
FÁ	4.000.000	6.000.000	6.000.000	16.000.000
VMA	4.500.000	5.250.000	6.000.000	15.750.000
BHS	3.000.000	6.000.000	6.000.000	15.000.000
FMOS	3.000.000	3.000.000	3.600.000	9.600.000
MK	1.225.000	1.225.000	1.500.000	3.950.000
FSu	1.500.000			1.500.000
FSN			1.500.000	1.500.000
FVA	1.000.000			1.000.000
MB	400.000			400.000
Samtals	41.625.000	45.475.000	48.600.000	135.700.000

2.3 Þátttaka háskóla

Eftirtaldir háskólar tóku við nemendum í áttakinu:

Háskóli Íslands (HÍ)
 Háskólinn á Akureyri (HA)
 Háskólinn á Bifröst (HB)
 Háskólinn í Reykjavík (HR)
 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum (Hásk. á Hólum)
 Landbúnaðarháskóli Íslands (Landb.hásk.)

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda þátttakenda NVV sem fóru í háskólanám og í frumgreinadeildir (aðfaranám). Ekki er um að ræða fjölda einstaklinga, heldur nemendafjölda á hverri önn.

NVV – Greiðslur vegna háskólanáms									
		2012			2013		2014		
Háskólanám:	Einingar verð (þús.)	Nem. vor	Nem. haust	Fjárhæð (þús.)	Nem. vor	Nem. haust	Fjárhæð (þús.)	Nem. vor	Fjárhæð (þús.)
HÍ	750	133	73	77.250	82	61	53.625	60	22.500
HA	750	31	19	18.750	19	16	13.125	16	6.000
HR	750	42	35	28.875	27	34	22.875	27	10.125
HB	750	8		3.000					
Landbb.hásk.	1.050	5	4	4.725					
Hásk. á Hólum	750	9	8	6.375					
Samtals:		228	139	138.975	128	111	89.625	103	38.625
2012 greitt	138.975.000								
2013 greitt	89.625.000								
2014 greitt	38.625.000								
Samtals greitt v. háskólanáms:	267.255.000			Greitt með samtals 709 nem. (ekki fjöldi einstaklinga)					

NVV – Greiðslur vegna frumgreinanáms									
	2012				2013			2014	
Frumgreina- nám:	Einingar verð	Nem. vor	Nem. haust	Fjárhæð (þús.)	Nem. vor	Nem. haust	Fjárhæð (þús.)	Nem. vor	Fjárhæð (þús.)
HR	500	20	31	12.750	14	7	5.250	5	1.250
HB	500	10	3	3.250					
Keilir	500	46	26	18.000					
Samtals:		76	60	34.000	14	7	5.250	5	1.250
2012 greitt	172.975.000								
2013 greitt	94.875.000								
2014 greitt	39.875.000								
Samtals greitt vegna frum- greinanáms:	307.725.000			Greitt með samtals 162 nem. (ekki fjöldi einstaklinga)					

3 Aðgerðir til 2ja og 3ja ára: Styrkveitingar

Stofnaður var þróunarsjóður í tengslum við átakið, í því skyni að efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og í framhaldsfræðslu, auk þess að sporna gegn neikvæðum félagslegum- og efnahagslegum áhrifum atvinnuleysis. Settar voru í sjóðinn 300 milljónir króna árin 2012 og 2013, eða samtals 600 milljónir króna.

Verkefnum sem styrkt voru var ætlað að:

- auka þátttöku fólks í starfsnámi með stuðningi við markhópa með sértækar þarfir
- stuðla að hagnýtingu og þróun stuttra starfsnámsbrauta
- efla kynningu á starfsnámi gagnvart nemendum grunnskóla og foreldrum þeirra
- efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og
- þróa námsframboð í starfsnámi á 4. þrepi viðmiðaramma aðalnámskrár framhaldsskóla.

3.1 Auglýstir styrkir úr þróunarsjóði NVV

Styrkir samtals 314.710.000 kr.

Auglýst var eftir umsóknum vorið 2012 og í tvígang árið 2013. Styrkir skiptust nokkurn veginn jafnt á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar og einnig nokkuð jafnt á milli skóla og framhaldsfræðsluáðila. Alls voru veittir 155 styrkir til 50 aðila.

Styrkir voru veittir í sjö verkefnaflokkum:

Verkefnaflokkur	Fjárhæð	Fjöldi styrkja
Íslenska sem annað mál	31.350.000	19
Þróun náms á 4. þrepi	32.474.000	18
Greining á menntunarþörf	27.386.000	15
Þróun náms fyrir minnihlutahópa	47.541.000	23
Þróun náms í framhaldsskólum og í framhaldsfræðslu	133.859.000	65
Efling náms á vinnustöðum	32.100.000	13
Styrkir til rannsókna á starfsmenntun	10.000.000	2
Samtals	314.710.000	155

Styrkhafar voru eftirtaldir:

50 STYRKHAFAR fengu alls 155 styrki		
Styrkhafi	Heildarfjárhæð	Fjöldi styrkja
AFL starfsgreinafélag	2.640.000	1
Alþjóðasetur ehf.	1.850.000	1
Austurbrú	6.800.000	3
Borgarholtsskóli	19.892.000	10
Ferðamálaskóli M.K.	1.900.000	1
Fisktækniskóli Íslands	4.000.000	2
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5.872.000	3
Fjölbrautaskóli Suðurlands	2.000.000	1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	14.000.000	7
Fjölbrautaskóli Vesturlands	6.700.000	4
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	14.700.000	5
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	10.515.000	7
Framhaldsskólinn á Laugum	4.000.000	2
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	4.380.000	3
Framvegis miðstöð símenntunar	3.144.000	2
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	20.300.000	9
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	3.500.000	1
Fræðslunet Suðurlands	12.025.000	5
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	1.400.000	1
Háskólafélag Suðurlands	2.000.000	1
Háskóli Íslands	10.000.000	2
Háskólinn í Reykjavík	2.000.000	1
Iðan - fræðslusetur	5.900.000	3
Iðnskólinn í Hafnarfirði	4.000.000	2
Landbúnaðarháskóli Íslands - Endurmenntun	7.200.000	3
Landspítali - háskólasjúkrahús	3.536.000	2
LungA skólinn	7.500.000	1
Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.500.000	1
Menntaskólinn á Ísafirði	5.180.000	3
Menntaskólinn á Tröllaskaga	4.500.000	1
Menntaskólinn í Kópavogi	2.000.000	1

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	20.180.000	9
Mímir símenntun	19.426.000	10
Myndlistaskólinn í Reykjavík	2.150.000	2
NesNet ehf	1.500.000	1
Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn	5.430.000	3
Rannsóknarsetur verslunarinnar, Háskólinn á Bifröst	2.000.000	1
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	1.700.000	1
Sérfræðingarnir SES	4.000.000	1
Símenntunarmiðstöð Eyjarfjarðar	10.488.000	8
Sjúkrahúsið á Akureyri	1.300.000	3
Skapandi ehf.	2.500.000	1
Slippurinn	2.000.000	1
Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðapjónustu	850.000	1
Starfsgreinaráð málm-, vélstjórnar - og framl.greina	4.000.000	2
Starfsgreinaráð samgöngu-, farart.- og flutn.greina	3.100.000	1
Tækniskólinn	4.000.000	2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	24.905.000	12
Þekkingarnet Austurlands	4.847.000	3
Þekkingarnet Þingeyinga	5.400.000	4
Samtals	314.710.000	155

Nánari upplýsingar um verkefnin má lesa í yfirlitsskýrslu (sjá fylgiskjal nr. 2).

3.2 Aðrir styrkir sem ýmist voru veittir úr þróunarsjóði eða af öðru fjármagni verkefnisins

3.2.1 Vinnustaðanámssjóður

Styrkfjárhæð 55 milljónir króna.

Vinnustaðanámssjóður, sem stofnaður var 2011, fékk 150 milljónir króna árlega á árunum 2011 – 2013. Umsóknum í sjóðinn fjölgaði hratt og þurfti að lækka styrkina ár frá ári. Stýrihópur lagði til við ráðherra að vinnustaðanámssjóður fengi 55 milljóna króna viðbótarfjármagn úr þróunarsjóði NVV á árinu 2013 og var það samþykkt.

Hér má sjá þróun styrkja úr vinnustaðanámssjóði. Um er að ræða heildarfjölda hverja önn, ekki heildarfjölda fyrirtækja og nemenda, þar sem fyrirtækin geta sótt um aftur og aftur og nemendur flestir í verknámi lengur en eina önn.

Námsönn	Fjöldi fyrirtækja	Greitt per viku	Fjöldi nema	Heildarstyrkfjárhæð
Haust 2011	56	20.000	182	54,4 m.kr.
Vor 2012	113	17.000	352	83,8 m.kr.
Haust 2012	110	14.000	396	76,5 m.kr.
Vor 2013	126	12.000	491	75,8 m.kr.
Haust 2013	119	12.000	402	72,1 m.kr.
Samtals	524		1.823	363 m.kr.

3.2.2 Aðfaranám í háskólum

Styrkfjárhæð 45 milljónir króna.

Þrjú háskólar bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi sem undirbúning undir háskólanám, svokallað aðfaranám. Þessir skólar eru Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Keilir.

Samþykkt var að styrkja þessa skóla með 15 milljóna króna framlagi til hvers þeirra, til þess að efla og kynna aðfaranámið.

3.2.3 Fræðslusjóður

Styrkfjárhæð 235 milljónir króna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sendi stýrihópi NVV greinargerð með tillögu um aukin framlög í Fræðslusjóð vegna raunfærnimats og vottaðra námsleiða.

Samþykkt var að styrkja Fræðslusjóð vegna eftirtalda verkefna:

- Vegna aukinna verkefna við raunfærnimat: 85 milljónir króna
- Vegna vottaðra námsleiða: 75 milljónir króna
- Vegna Menntastoða: 25 milljónir króna
- Almenn framlag í Fræðslusjóð vegna aukinna verkefna: 50 milljónir króna

3.2.4 FabLab í Breiðholti

Styrkfjárhæð 13 milljónir króna.

FabLab var opnað í Breiðholti í byrjun árs 2014. Markmið þessa verkefnis var að taka enn eitt skref í þróun FabLab smiðja á Íslandi og setja á stofn stafræna smiðju með áherslu á rafmagns- og rafeindafræði í tengslum við upplýsingatækni. Að undirbúningi komu m.a. Fjölbautaskólinn í Breiðholti og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. F.B. fékk 7 milljóna króna styrk úr Þróunarsjóði til þess að greiða laun kennara í FabLab smiðjunni fyrsta árið (sá styrkur kemur fram í töflu á bls. 10). Nýsköpunarmiðstöð Íslands og F.B. óskuðu síðar eftir styrk til þess að kaupa tæki í smiðjuna og var ákveðið að veita 13 milljónum króna til tækjakaupa.

3.2.5 Brotthvarfsverkefni

Styrkfjárhæð 200 milljónir króna.

Í framhaldi af áttakinu NVV ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að halda áfram stuðningi við nemendur í brotthvarfshættu í samvinnu við sautján framhaldsskóla og Kristjönu Stellu Blöndal hjá Háskóla Íslands. Áherslur í verkefninu eru þessar:

- skimun til að finna nemendur í brotthvarfshættu
- mæling á brotthvarfi
- mat/upplifun nemenda sem fá aukinn stuðning
- lærdómur skólanna/ náms- og starfsráðgjafa

Úthlutað hefur verið 164 milljónum af styrknum og skiptist fjármagnið þannig:

1. 21 milljón króna skiptist jafnt milli skólanna sautján, eða 1.235.294 kr. á hvern skóla.
2. 42 milljónir króna skiptast með tilliti til fjölda nýnema sem innritast í hvern skóla.
3. 42 milljónir króna skiptast með tilliti til fjölbreytileika náms í hverjum skóla.
4. 59 milljónum króna var skipt á milli þeirra skóla sem sannanlega þurfa að veita stuðning til hvað flestra nemenda í brotthvarfshættu.

Hér má sjá þátttökuskólana og fjárhæðir til hvers þeirra:

Skipting framlaga vegna brotthvarfsverkefnis						
Skóli	Jöfn greiðsla	Fjöldi nýnema	Greitt m.v. fj.nýnema	Greitt m.v. fjölbr.l.	Viðbót	Samtals
MH	1.235.294	277	4.405.150			5.640.444
MS	1.235.294	228	3.625.899			4.861.193
ME	1.235.294	80	1.272.245	2.333.333		4.840.873
MK	1.235.294	241	3.832.639	3.500.000	3.000.000	11.567.933
FB	1.235.294	153	2.433.169	3.500.000	10.000.000	17.168.463
FÁ	1.235.294	142	2.258.236	3.500.000	10.000.000	16.993.530
FLB	1.235.294	191	3.037.486	1.166.667		5.439.447
FS	1.235.294	248	3.943.961	3.500.000	10.000.000	18.679.255
FVA	1.235.294	112	1.781.144	2.333.333		5.349.771
FNV	1.235.294	71	1.129.118	2.333.333		4.697.745
VMA	1.235.294	211	3.355.547	3.500.000	10.000.000	18.090.841
FG	1.235.294	174	2.767.134	1.166.667		5.169.094
BHS	1.235.294	212	3.371.450	3.500.000	10.000.000	18.106.744
FMOS	1.235.294	35	556.607	3.500.000		5.291.901
MTR	1.235.294	20	318.061	1.166.667		2.720.022
TS	1.235.294	173	2.751.231	3.500.000	3.000.000	10.486.525
IH	1.235.294	73	1.160.924	3.500.000	3.000.000	8.896.218
	21.000.000		42.000.000	42.000.000	59.000.000	164.000.000

3.2.6 Kynningarátak í starfsmenntun

Styrkfjárhæð 30 milljónir króna.

Markmið kynningarátaksins er að efla kynningu á starfsmenntun (verk-, list- og tækninám) þannig að vitneskja almennings um mögulegar námsleiðir eflist sem og hvaða tækifæri felast í slíku námi fyrir framtíðina. Ráðinn var verkefnisstjóri sem hélt utan um fjölbreytt verkefni kynningarátaksins.

Aðgerðir á árinu 2013 voru margvíslegar og má þar nefna gerð stuttra myndbanda um starfsnám, auglýsingar í vefmiðlum og dagblöðum, samstarf við Félag náms- og starfsráðgjafa um kynningu á starfsnámi fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa og nema. Þá var haldin kynning á starfsnámi í tengslum við iðnnemakeppnina World-Skills þar sem þúsundir grunnskólanemenda kynntu sér starfsnám. Skýrsla verkefnisstjóra fylgir hér með (sjá fylgiskjal nr. 3).

4 Tilraunaverkefni

Snemma árs 2013 kynnti stýrihópur hugmyndir að tilraunaverkefni til þess að hækka menntunarstig á vinnumarkaði og lækka þar með hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Lagt var til að tvö svæði yrðu valin til þessa verkefnis, annars vegar Norðvesturland og hins vegar Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Vorið 2013 voru haldnir fundir með hagsmunaaðilum á Norðvesturlandi og í Breiðholti, þar sem þessar hugmyndir voru kynntar og í framhaldinu hafist handa við undirbúning. Mennta- og menningarmálaráðuneyti gerði samning við Háskólann á Bifröst annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar um umsjón með tilraunaverkefnunum.

Stýrihópur NVV stofnaði svokallaðan faghóp, sem vann með fulltrúum verkefnanna að markmiðasetningu og verkefnaáætlunum. Í honum áttu sæti:

Guðrún Eyjólfsdóttir, fulltrúi stýrihóps
Halldór Grönvold, fulltrúi stýrihóps
Hróbjartur Árnason, tilnefndur af stýrihópi
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, tilnefnd af stýrihópi

4.1 Tilraunaverkefni á Norðvesturlandi

Styrkfjárhæð vegna ársins 2013, 37,4 milljónir króna.
Styrkfjárhæð vegna 2014 – 2015, 80,3 milljónir króna.
Pottur til sérstakra verkefna, allt að 30 milljónum króna.

Samning mennta- og menningarmálaráðuneytis við Háskólann á Bifröst má sjá í fylgiskjali nr. 5. Þar koma fram markmið og framkvæmdaáætlun verkefnisins. Meginmarkmiðin eru að efla ráðgjöf til fyrirtækja um nám á vinnustað, auka samstarf atvinnulífs og fræðsluaðila í kjördæminu um starfstengt nám, fjölga einstaklingum sem ljúka iðnnámi og efla íslenskukunnáttu innflytjenda á svæðinu. Verkefnisstjóri er Geirlaug Jóhannsdóttir.

Stofnuð var verkefnisstjórn sem í eiga sæti:

Vilhjalmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, formaður
Páll S. Brynjarsson, þáverandi bæjarstjóri Borgarbyggðar
Ingileif Oddsdóttir, skólameistari Framhaldsskóla Norðurlands vestra
Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ
Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða
Valka Jónsdóttir, mannauðsstjóri Norðuráls

4.2 Tilraunaverkefni í Breiðholti

Styrkfjárhæð vegna ársins 2013, 20,5 milljónir króna.
Styrkfjárhæð vegna 2014 – 2015, 80,3 milljónir króna.

Samning mennta- og menningarmálaráðuneytis við Reykjavíkurborg má sjá í fylgiskjali nr. 5. Þar koma fram markmið og framkvæmdaáætlun verkefnisins. Meginmarkmiðin eru að auka þjónustu og stuðning við þrjá hópa í Breiðholti í því skyni að auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Í fyrsta lagi innflytjendur, í öðru lagi fólk á aldrinum 25-54 ára sem ekki hefur lokið formlegu námi eftir grunnskóla og í þriðja lagi fólk á aldrinum 18-25 ára sem horfið hefur frá framhaldsskólanámi. Einnig að fjölga þeim íbúum Breiðholts sem ljúka skilgreindu prófi eftir grunnskóla og efla íslenskukunnáttu innflytjenda í Breiðholti. Verkefnisstjórar eru Stefanía G. Kristinsdóttir og Björn Vilhjálmsson.

Stofnuð var verkefnisstjórn sem í eiga sæti:

Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri Þjón.míðstöðvar Breiðholts, formaður
Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar
Björn Þór Jónsson, Háskólanum í Reykjavík
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti
Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Samtökum iðnaðarinnar

5 Ráðstöfun fjár í áttakinu Nám er vinnandi vegur

Hér má sjá yfirlit yfir styrki og greiðslur í áttakinu, en endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir fyrir en síðla árs 2015 þegar öllum verkefnum verður lokið.

Ráðstöfun fjár í NVV	
Greiðslur til framhaldsskóla v. nemenda NVV	1.010.798.459
Greiðslur til framhaldsskóla v. námsráðgjafar	135.700.000
Greiðslur til háskóla v. nemenda í háskólanámi	267.255.000
Greiðslur til háskóla v. nemenda í aðfaranámi	307.725.000
Auglýstir styrkir	314.710.000
Styrkur til vinnustaðanámssjóðs	55.000.000
Efling aðfaranáms í háskólum	45.000.000
Styrkur til Fræðslusjóðs í margvísleg verkefni	235.000.000
Styrkur til FabLabs í Breiðholti	13.000.000
Styrkur vegna brotthvarfsverkefnis	200.000.000
Kynningarátak í starfsmenntun	30.000.000
Tilraunaverkefni á Norðvesturlandi	117.700.000
Tilraunaverkefni á Norðvesturlandi - "pottur"	30.000.000
Tilraunaverkefni í Breiðholti	100.800.000
Samtals	2.862.688.459

6 Árangur verkefnisins Nám er vinnandi vegur

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á árangri átaksins og til stendur að skoða fleiri þætti til þess að meta megi betur heildarárangur.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru aðeins 16% þátttakenda í NVV án atvinnu 90 dögum eftir að námssamningi við þá lauk, flestir á aldrinum 16 – 29 ára. Af þeim 960 einstaklingum sem skráðir voru án atvinnu þegar þeir hófu nám á grundvelli verkefnisins haustið 2011, voru 144 einstaklingar skráðir án atvinnu í byrjun september 2013, eða 15% hópsins.

Í mennta- og menningarmálaráðuneyti var gerð könnun meðal brottfallsnema í áttakinu haust 2011 og vor 2012. Brottfall var 21.3% á haustönn í þessum hópi, en 11,5 á vorönn. Nemendur voru spurðir um ástæðu brottfalls og flestir (14 af 51) nefndu andleg veikindi og næstflestir fjárhagserfiðleika (12 af 51). Þennan fyrsta vetur átaksins útskrifuðust 116 nemendur eða 6,5% hópsins.

Þá benti könnunin til að framfærslustyrkir til atvinnuleitenda hafi veitt nemendum töluvert aðhald, en greiðsla þeirra var háð námsástundun og árangri. Einnig voru sterkar vísbendingar í þá átt að stuðningur náms- og starfsráðgjafa hafi unnið gegn brottfalli. Þessar niðurstöður nýtast í fyrirhugaðri stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf innan ráðuneytisins og einnig í því brotthvarfsverkefni sem hófst í framhaldi af áttakinu NVV (sjá bls.13).

Nánari upplýsingar um árangur má finna í eftirfarandi skýrslum:

- Maskína ehf. (2013). Skýrsla unnin fyrir Vinnumálastofnun árið 2013 um mat þátttakenda á vinnumarkaðsúrræðum (í fylgiskjali nr. 6 er sá hluti skýrslunnar sem fjallar um átakið Nám er vinnandi vegur).
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2012). Tvær skýrslur um nemendur sem hættu námi : „Eftirfylgni, árangur og helstu lærdómar – haustönn 2011“ og önnur skýrsla samsvarandi vegna vorannar 2012 (síðari skýrslan fylgir hér sem fylgiskjal nr. 7).
- Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um árangur vinnumarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk. Lögð fyrir Alþingi 2013 (sjá fylgiskjal nr. 8).

Úttekt á áttakinu verður unnin haustið 2014 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og skiptist hún í þrennt:

- Teknar verða saman upplýsingar úr fyrirbyggjandi skýrslum vegna nemenda sem tóku þátt í áttakinu, m.a. tölur frá Vinnumálastofnun og náms- og starfsráðgjöfum framhaldsskólanna og skýrslum ráðuneytisins um brotthvarf.
- Könnun verður gerð á stöðu verkefna sem fengu styrki úr þróunarsjóði og spurt m.a. hvar verkefni sé statt, hvort nám sé komið af stað, ef ekki, hvað þurfi til að svo verði, og reynsla styrkhafa af verkefninu.
- Könnun á stjórnarsýslu verkefnisins. Rætt við fulltrúa úr stýrihópi, starfsmanna ráðuneytis, fulltrúa skóla og e.t.v. fleiri, um hvernig til hafi tekist og hvað megi læra af þessari tilhögun og framkvæmd.

Stýrihópur átaksins Nám er vinnandi vegur lauk störfum 4. júlí 2014 og er eftirfylgni með verkefninu eftir það í höndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Af hálfu stýrihópsins var lögð áhersla á að þeim verkefnum sem hrundið var af stað með NVV verði fylgt eftir allt til loka og afurðir gerðar aðgengilegar, með það að markmiði að sú reynsla og þekking sem verkefnið skilar nýtist sem best.

Fylgiskjöl

1. Yfirlýsing ríkisstjórnar tengd kjarasamningum 5. maí 2011, kafli V.
2. Skýrsla um styrki úr þróunarsjóði NVV sem veittir voru í kjölfar auglýsinga.
3. Skýrsla um kynningarátak í starfsmenntun.
4. Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskólans á Bifröst.
5. Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar.
6. Skýrsla Maskínu um mat þátttakenda á vinnumarkaðsúrræðum.
7. Skýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytis um nemendur átaksins sem hættu námi.
8. Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um árangur vinnumarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk.